
Félagsvísindastofnun



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Könnun á þjónustu EES-vinnumiðlunar

Unnið fyrir Vinnumálastofnun

Apríl 2004

Hildur B. Svavarsdóttir

Friðrik H. Jónsson

EFNISYFIRLIT

FRAMKVÆMD OG HEIMTUR 2

BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR 3

NOTKUN OG ÞJÓNUSTA EES VINNUMIÐLUNAR4

Framkvæmd og heimtur

Í þessari skýrslu eru niðurstöður könnunar á reynslu fólks af EES vinnumiðlun. Könnunin var unnin fyrir Vinnumálastofnun. Gögnum var safnað á tímabilinu 24. - 29. mars 2004 og voru viðtöl tekin í gegnum síma. Tekin voru viðtöl við fólk sem hafði óskað eftir starfsfólki í gegnum EURES eða EES vinnumiðlun árin 2003 og 2004. Alls svöruðu 84, af 100 manns sem reynt var að ná í, eða 84% (brúttósvarhlutfall) þegar búið var að draga þá frá sem þjuggu erlendis, voru veikir eða látnir reyndist nettósvarhlutfall vera 85,7%. Einn neitaði að taka þátt í könnuninni, einn var veikur og einn bjó erlendis. Ekki náðist í 13 manns.

Hér á eftir koma fyrst niðurstöður um bakgrunn þeirra sem svöruðu. Síðan um hvort svarendur hafi ráðið starfsfólk í gegnum EES vinnumiðlun og þá mat þeirra á þjónustu vinnumiðlunarinnar. Að síðustu eru skoðaðar ástæður þess að leitað var til EES vinnumiðlunar og hvort svarendur hefðu hug á að leita þangað aftur.

Bakgrunnsupplýsingar

Í töflum 1 til 3 má sjá hlutfallslega skiptingu svarenda í könnuninni eftir kyni, starfsemi fyrirtækis og búsetu.

Tafla 1. Kyn svarenda

| | Fjöldi | Hlutfall (%) |
|-------------|---------------|---------------------|
| Karlar | 48 | 57 |
| Konur | 36 | 43 |
| Alls | 84 | 100% |

Tafla 2. Starfsemi fyrirtækis

| | Fjöldi | Hlutfall (%) |
|---------------|---------------|---------------------|
| Ferðapjónusta | 9 | 11 |
| Fiskvinnsla | 7 | 8 |
| Garðyrkja | 13 | 16 |
| Iðnaður | 5 | 6 |
| Kjötvinnsla | 6 | 7 |
| Landbúnaður | 37 | 45 |
| Ræstingar | 1 | 1 |
| Einkaheimili | 5 | 6 |
| Svarar ekki | 1 | - |
| Alls | 84 | 100% |

Upplýsingar um starfsemi eins fyrirtækis vantaði. Þau einkaheimili sem um ræðir voru að leita að starfskrafti til aðstoðar við heimilisstörf og barnagæslu.

Tafla 3. Búseta svarenda

| | Fjöldi | Hlutfall (%) |
|-------------------|---------------|---------------------|
| Höfuðborgarsvæðið | 6 | 7 |
| Vesturland | 9 | 11 |
| Norðurland vestra | 14 | 17 |
| Norðurland eystra | 17 | 20 |
| Austurland | 7 | 8 |
| Suðurland | 31 | 37 |
| Alls | 84 | 100% |

Engir svarenda voru frá Vestfjörðum eða Suðurnesjum. Af svarendum á Suðurlandi komu 18 frá Selfossi.

Notkun og þjónusta EES vinnumiðlunar

Í könnuninni var fyrst spurt hvort starfsfólk hefði verið ráðið í gegnum EES vinnumiðlun á tímabilinu janúar 2003 til febrúar 2004. Um það bil 36% svarenda höfðu ekki ráðið starfsfólk til sín þrátt fyrir að hafa leitað til EES vinnumiðlunar en 64% höfðu í framhaldinu ráðið einn eða fleiri með aðstoð vinnumiðlunarinnar. Í töflu 4 má sjá fjölda starfsfólks sem ráðið var í gegnum EES vinnumiðlun á þessu tímabili hjá fyrirtækjum svarenda. Flestir réðu 1-4 starfsmenn en dæmi voru um mun fleiri ráðningar eða allt að 26 starfsmönnum. Alls voru ráðnir 182 starfsmenn hjá þessum 54 fyrirtækjum á tímabilinu.

Tafla 4. Fjöldi starfsfólks sem ráðið var með aðstoð EES vinnumiðlunar á tímabilinu janúar 2003 til febrúar 2004

| Fjöldi starfsfólks | Fjöldi fyrirtækja | Hlutfall (%) |
|----------------------|-------------------|--------------|
| 1 | 21 | 39 |
| 2-4 | 23 | 43 |
| 5-7 | 5 | 9 |
| 8-10 | 3 | 5 |
| 15 | 1 | 2 |
| 26 | 1 | 2 |
| Réðu ekki starfsfólk | 30 | - |
| Alls | 84 | 100% |

Þeir sem höfðu á annað borð ráðið til sín starfsfólk í gegnum EES vinnumiðlun voru svo spurðir um ánægju eða óánægju sína með það starfsfólk sem EES vinnumiðlunin fann til starfsins. Í töflu 5 má sjá að flestir viðmælenda voru annað hvort mjög eða frekar ánægðir með starfsfólkið.

Tafla 5. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með það starfsfólk sem EES vinnumiðlun fann til starfsins?

| | Fjöldi | Hlutfall (%) |
|----------------------|-----------|--------------|
| Mjög ánægð(ur) | 24 | 45 |
| Frekar ánægð(ur) | 18 | 34 |
| Hvorki né | 6 | 11 |
| Frekar óánægð(ur) | 4 | 8 |
| Mjög óánægð(ur) | 1 | 2 |
| Svarar ekki | 1 | - |
| Réðu ekki starfsfólk | 30 | - |
| Alls | 84 | 100 |

Næst var spurt tveggja spurninga sem létu að þjónustu hjá EES vinnumiðluninni. Sú fyrri var: „Hve langur tími leið frá því að þú hafðir samband við EES vinnumiðlun um útvegum starfsfólks, þangað til niðurstaða af beiðninni lá fyrir?“ Sú síðari var: „Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þá þjónustu sem þú fékkst hjá EES vinnumiðlun þegar þú leitaðir til hennar eftir starfsfólki?“

Í ljós kom að hjá um það bil þriðjungi svarenda tók það innan við viku að fá niðurstöðu vegna beiðni um útvegum starfsfólks en hjá fjórðungi tók ferlið lengri tíma en 3 vikur.

Tafla 6. Tími sem það tók EES vinnumiðlun að fá niðurstöðu vegna beiðni um útvegum starfsfólks.

| | Fjöldi | Hlutfall (%) |
|----------------------|---------------|---------------------|
| Innan við viku | 27 | 34 |
| Eina viku | 10 | 13 |
| Tvær vikur | 15 | 19 |
| Þrjár vikur | 6 | 8 |
| Meira en þrjár vikur | 21 | 26 |
| Svarar ekki | 5 | - |
| Alls | 84 | 100% |

Af töflu 6 má ráða að gróflega skiptist afgreiðslutími beiðna í þrennt; um þriðjungi er svarað innan viku, þriðjungi á einni til tveimur vikum og svo hjá þriðjungi er tíminn lengri en þrjár vikur. En þá að mati á þjónustu EES vinnumiðlunar en mikill meirihluti viðmælenda var ánægður með hana.

Tafla 7. Viðhorf til þjónustu EES vinnumiðlunar

| | Fjöldi | Hlutfall (%) |
|-------------------|---------------|---------------------|
| Mjög ánægð(ur) | 52 | 65 |
| Frekar ánægð(ur) | 19 | 24 |
| Hvorki né | 7 | 9 |
| Frekar óánægð(ur) | 1 | 1 |
| Mjög óánægð(ur) | 1 | 1 |
| Svarar ekki | 4 | - |
| Alls | 84 | 100% |

Næst var spurt um ástæður þess að vinnuveitendur leituðu til EES vinnumiðlunar. Algengustu svör má sjá í töflu 8.

Tafla 8. Hvers vegna leitaðir þú til EES vinnumiðlunar?

| | Fjöldi | Hlutfall (%) |
|--|---------------|---------------------|
| Ég fékk ekki starfsfólk eftir öðrum leiðum | 29 | 36 |
| Mér var bent á EES vinnumiðlun af öðrum | 22 | 28 |
| Ég hafði góða reynslu af EES vinnumiðlun þetta er ókeypis þjónusta | 8 | 10 |
| Ég þurfti atvinnuleyfi fyrir starfsfólk utan EES svæðisins | 8 | 10 |
| Mér var bent á EES vinnumiðlun á svæðisvinnumiðlun | 3 | 4 |
| þau hafa mikið úrval af starfsfólki | 3 | 4 |
| Ég vildi ráða erlent starfsfólk | 3 | 4 |
| Svarar ekki | 5 | - |
| Alls | 84 | 100% |

Annað sem nefnt var sem ástæður fyrir því að leitað var til EES vinnumiðlunar var: „Opinber og traust stofnun“, „Hentugt og þægilegt á netinu“ og „Gengur greiðlega fyrir sig“.

Að lokum var spurt: „Finnst þér líklegt að þú munir leita aftur eftir þjónustu EES vinnumiðlunar við leit að starfsfólki?“ Yfir 90% viðmælenda töldu það mjög eða frekar líklegt.

Tafla 9. Líkur á því að leita aftur til EES vinnumiðlunar.

| | Fjöldi | Hlutfall (%) |
|-----------------|---------------|---------------------|
| Mjög líklegt | 60 | 75 |
| Frekar líklegt | 13 | 16 |
| Hvorki né | 3 | 4 |
| Frekar ólíklegt | 2 | 2,5 |
| Mjög ólíklegt | 2 | 2,5 |
| Svarar ekki | 4 | - |
| Alls | 84 | 100% |